



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. júní 2008

Tilvísun: 2008040094

14.01

Samtök fjárfesta  
b.t. Vilhjálmur Bjarnason  
Hlíðarbyggð 18  
219 Garðarbær


### Varðar: Viðskipti stjórnarmanna í SPRON með stofnfjárbréf á árinu 2007

Með bréfi Samtaka fjárfesta dags. 7. apríl sl. til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans og meðfylgjandi bréfi Fjármálaeftirlitsins (FME) dags. 26. mars sl. til samtakanna komu þau á framfæri sjónarmiðum FME, um að til greina kæmi að stjórnarmenn í SPRON hefðu með viðskiptum með sínum með stofnfjárhluti í sparisjóðnum, eða tilskyldu samþykki við slíkum viðskiptum samstjórnarmanna, á tímabilinu frá 17. júlí til 7. ágúst 2007, brotið gegn almennum hegningarlögum.

Með vísan til erindis yðar f.h. Samtaka fjárfesta tilkynnist að efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans telur ekki tilefni til að hefja rannsókn vegna gruns um refsiverða hegðun vegna framangreindra viðskipta.

Eins og rakið er í bréfi FME til yðar dags. 26. mars sl. eiga innherjareglur laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 ekki við um þessi viðskipti. Hvíli því ekki skylda til að upplýsa um viðskipti stjórnarmanna með stofnfjárhluti, hvorki á þeim sem þau gera, né stjórn sparisjóðsins. Þrátt fyrir að upplýsingar um slík viðskipti kunni að geta haft áhrif á ákvarðanir annarra um kaup á stofnfjárhlutum þykir sú leynd sem á þeim hvíldi ekki nægja til að telja að um refsiverða hegðun hafi verið að ræða. Þá verður ekki séð að stjórnarmenn SPRON hafi á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað, búið yfir trúnaðarupplýsingum um verðmat félagsins. Verðmat sem unnið var af Capacent hafði verið kynnt á heimasíðu SPRON 17. júlí og í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 18. júlí 2007. Samkvæmt upplýsingum sem efnahagsbrotadeild hefur aflað frá FME voru þau viðskipti með stofnfjárhluti sem vísað er til gerð 20. júlí 2007, eða eftir að upplýsingarnar um verðmatið var birt opinberlega.

Virðingarfyllt,

  
Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota

Afrit.  
Fjármálaeftirlitið